

Neytendastofa

04 238

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Neytendastofa

kt. 690605-3410

Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Neytendastofa er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin treystir öryggi og réttindi neytenda í viðskiptum og annast eftirlit og framkvæmd laga um neytendavernd. Stofnunin sinnir stjórnsluverkefnum á sviði neytendamála, vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu og mælifræði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 291,8 milljónir og afkoma kr. 7,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 29,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 85,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Neytendastofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Neytendastofu fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Þórunn Anna Árnadóttir
Forstöðumaður
(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	233.200.000	207.600.000
Seld þjónusta	3	46.369.187	54.139.014
Framlög og ýmsar tekjur	4	8.725.615	3.888.937
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	3.512.282	3.305.709
Tekjur samtals		291.807.084	268.933.660
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	197.124.280	168.697.820
Annar rekstrarkostnaður	6	83.954.161	86.840.676
Afskriftir	7	3.512.282	3.305.709
Gjöld samtals		284.590.723	258.844.205
Afkoma fyrir fjármagnsliði		7.216.361	10.089.455
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	8	32.018	26.732
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	9	(9.697)	(31.674)
		22.321	(4.942)
Afkoma ársins		7.238.682	10.084.513

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður		15.730.112	17.142.376
Aðrar eignir		134.572	134.572
Fastafjármunir samtals		<u>15.864.684</u>	<u>17.276.948</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	4.269.309
Tengdir aðilar	11	61.064.536	29.055.001
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		1.215.191	0
Handbært fé		7.411.065	10.488.165
Veltufjármunir samtals		<u>69.690.792</u>	<u>43.812.475</u>
Eignir samtals		<u>85.555.476</u>	<u>61.089.423</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		29.165.593	21.926.911
Eigið fé samtals		<u>29.165.593</u>	<u>21.926.911</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	15.842.078	689.826
Viðskiptaskuldir		6.243.874	5.774.580
Ýmsar skammtímaskuldir		18.874.865	16.356.758
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	15.429.066	16.341.348
Skuldir samtals		<u>56.389.883</u>	<u>39.162.512</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>85.555.476</u>	<u>61.089.423</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		7.238.682	10.084.513
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	3.512.282	3.305.709
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		<u>(3.512.282)</u>	<u>(3.305.709)</u>
		7.238.682	10.084.513
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		3.054.118	(75.448)
Tengdir aðilar		<u>(16.357.301)</u>	<u>(15.453.518)</u>
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>2.987.401</u>	<u>411.215</u>
		<u>(10.315.782)</u>	<u>(15.117.751)</u>
		<u>(3.077.100)</u>	<u>(5.033.238)</u>
		<u>(3.077.100)</u>	<u>(5.033.238)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	<u>(2.100.018)</u>	<u>(9.071.756)</u>
		<u>(2.100.018)</u>	<u>(9.071.756)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(499.982)	2.171.756
Fjárfestingarframlag		<u>2.600.000</u>	<u>6.900.000</u>
		<u>2.100.018</u>	<u>9.071.756</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		<u>(3.077.100)</u>	<u>(5.033.238)</u>
		<u>10.488.165</u>	<u>15.521.403</u>
		<u>7.411.065</u>	<u>10.488.165</u>
		<u>7.411.065</u>	<u>10.488.165</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynt annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-30 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Skýringar

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	233.200.000	207.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	3.512.282	3.305.709
	236.712.282	210.905.709

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	234.800.000	0	0	234.800.000
Fjáraukalög	(1.600.000)	0	0	(1.600.000)
Fjárveiting til tekna	233.200.000	0	0	233.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(225.961.318)	0	0	(225.961.318)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	7.238.682	0	0	7.238.682

	2020	2019
3 Seld vara og þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	3.000.000	3.000.001
Sala á vöru og þjónustu	17.291.313	24.084.549
Verksala	17.603.474	17.029.364
Fræðslustarfsemi og fundir	8.474.400	10.025.100
	46.369.187	54.139.014

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	15.000	90.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	7.848.672	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	645.608	0
Ýmsar tekjur	216.335	3.798.937
	8.725.615	3.888.937

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	156.889.033	134.457.665
Orlof, breyting	2.628.126	1.334.818
Launatengd gjöld	35.832.046	30.639.159
Starfsmannakostnaður	1.775.075	2.266.178
	197.124.280	168.697.820

Meðalfjöldi stöðugilda	17,3	17,3
------------------------------	------	------

Skýringar

	2020	2019
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.189.194	1.195.000
Byggingarvörur, almennar	0	15.245
Ýmis tæki og áhöld	996.811	302.246
Varahlutir og viðhaldsvörur	32.904	0
Orkugjafar	966.492	1.028.872
Matvæli	1.128.371	1.786.501
Rannsóknarstofuefni	136.688	11.032
Almennar rekstrarvörur	729.444	270.629
Vörukaup	5.179.904	4.609.525
Ýmsar sérgreindar vörur	26.918	0
Vörukaup, sérgreind	26.918	0
Fundir, námskeið, risna	1.414.887	2.076.511
Ferðir, uppihald	1.156.686	7.266.358
Akstur	1.051.242	1.261.970
Sérfræðiþjónusta	8.225.141	12.587.825
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	67.531	134.758
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	733.691	1.268.431
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.887.633	2.193.359
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	14.536.811	26.789.212
Samningsbundin kaup og leiga	49.436	0
Afnotagjöld	16.974.007	15.010.824
Leigugjöld	37.325.666	32.118.735
Notkun véla og flutningatækja	5.147	30.900
Verkkaup	4.538.065	4.760.184
Kostnaðarhlutdeild	4.858.560	2.918.004
Tryggingar, lögboðnar	950	56.412
Opinber gjöld	38.353	402.712
Tilfærslur	242.000	135.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	64.032.184	55.432.771
Vörukaup I	107.346	0
Vörukaup II	70.998	9.168
Vörur til endursölu og birgðabreyting	178.344	9.168
Annar rekstrarkostnaður samtals	83.954.161	86.840.676

Skýringar

	2020	2019	
7 Afskriftir			
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	2.205.876	2.321.869	
Lækninga- og rannsóknartæki	1.087.734	978.913	
Sölutap og úreltar eignir	218.672	4.927	
	3.512.282	3.305.709	
8 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður			
Dráttarvaxtatekjur	32.018	26.732	
	32.018	26.732	
9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap			
Fjármagnskostnaður	9.697	31.674	
	9.697	31.674	
	31.12.2020	31.12.2019	
10 Varanlegir rekstrarfjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	15.730.112	17.142.376	
Aðrar eignir	134.572	134.572	
	15.864.684	17.276.948	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok:			
	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.	38.643.913	134.572	38.778.485
Viðbætur á árinu	2.100.018	0	2.100.018
Selt/niðurfært á árinu	(5.984.245)	0	(5.984.245)
	34.759.686	134.572	34.894.258
Afskriftir 1.1.	21.501.537	0	21.501.537
Selt/niðurfært á árinu	(5.984.245)	0	(5.984.245)
Afskrift ársins	3.512.282	0	3.512.282
	19.029.574	0	19.029.574
Staða 31.12.	15.730.112	134.572	15.864.684

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
11 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	43.003.064	29.055.001
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	18.061.472	0
	<u>61.064.536</u>	<u>29.055.001</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	15.842.078	689.826
	<u>15.842.078</u>	<u>689.826</u>
12 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	21.926.911	11.842.398
Afkoma ársins	7.238.682	10.084.513
Jöfnuður 31.12.	<u>29.165.593</u>	<u>21.926.911</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	15.864.684	17.276.948
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(435.618)	(935.600)
	<u>15.429.066</u>	<u>16.341.348</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.	17.276.948	(935.600)	16.341.348
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	2.600.000	2.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.100.018	(2.100.018)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(3.512.282)	0	(3.512.282)
	<u>15.864.684</u>	<u>(435.618)</u>	<u>15.429.066</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 3 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa o.fl. til næstu ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema 42,5 millj.kr. og vegna þjónustu- og vörslusamninga 18,7 millj.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.